

*Jafnrettisrat um
stjórnálaþáttstöku kvenna
Hanna Maja
19/2 '83*

Góðir fundarmenn!

Í komandi alþingiskosningum verður boðinn fram sérstakur kvennalisti. Að þessu framboði standa konur sem starfa innan Kvennaframboðsins í Reykjavík og telja að sú reynsla sem konur hafa af stjórnálaþáttstöku á þeim vettvangi sé of dýrmæt til að hún nýtist ekki í þeirri þjóðmálaumræðu sem alþingiskosningar bjóða upp á. Kvennaframboðið hefur hins vegar ákveðið að helga sig þeim málefnum borgarmála sem það hefur þegar skuldbundið sig til og telur sig ekki reiðubúið að leggja út í alþingiskosningar að svo stöddu. Kvennaframboðskonur, bæði þær sem leggja nú á brattann í kosningum svo og þær sem vinna að borgarmálum munu þó eftir sem áður starfa saman, enda býr enginn hugmyndafræðilegur ágreiningur að baki. Það er því ekki um klofning að ræða heldur spurning um leið að því marki sem kvennaframboðið setti sér s.l. vor að auka hlut kvenna við mó tun og sköpun samfélagsins á okkar eigin forsendum.

Sú hugmyndafræði sem okkar samtök leggja til grundvallar byggir á því að viðhorf og lífssýn karla og kvenna hafi mótað af hefðbundinni starfsskiptingu þeirra, uppeldi og kynferði. Heimur karlmannsins hefur verið út á við þar sem hörð samkeppni ríkir og afkoma hans og fjölskyldu hans hefur byggst á því að hann standi sig í þeirri samkeppni. Barnauppeldi, þjónustustörf, hjúkrun og heimilisstörf hafa að mestu hvílt á herðum kvenna enda rúmast tilfinningamál, sem bundin eru slíkum samskiptum illa í hinum harða heimi karlmannsins. Það má deila um hvort hlutskiptið sé öfundsverðara eða gjöfulla, eflaust hefur þessi starfsskipting heft karla engu síður en konur. Það er þó óumdeilanlegt að karlar hafa frá öndverðu haft ákveðið frelsi umfram konur, frelsi sem felur í sér réttinn til að skoða, skilgreina og skapa þann heim sem þeir búa í. Karlmaðurinn hefur reiknað gang himintungla og stjarna. Listir, vísindi, menning eru sköpunarverk hans og byggja á hans gildismati og þeirri viðmiðun sem hann leggur til grundvallar. Hann hefur búið til alls kyns hugmyndafræðikerfi sem hafa breytt gangi mannkynssögunnar sitt á hvað og þótt menn hafi greint á um ágæti þeirra hefur enginn borið brigður á rétt hans til að skapa þau.

Sú kona sem hyggst hasla sér völl í heimi karla þarf að tileinka sér það hegðunarmynstur og þann hugsunarhátt sem þar er ríkjandi. Takist henni það er talað um að konan standi jafnfætis manninum og að þau séu bæði jafn rétthá. Við kvennaframboðskonur sækjumst ekki eftir slíku jafnrétti, hvorki á sviði þjóðmála né annars staðar þar sem það felur ekki annað í sér en frelsi til að vera annars flokks karlar. Við teljum að störf kvenna, uppeldi og sú staðreynd að konur ala af sér líf hafi mótað menningu okkar og lífssýn frá kynslóð til kynslóðar. Að okkar mati verður fyrst hægt að tala um jafnrétti þegar hinir ólíku heimar karla og kvenna hafa skarast og viðhorf beggja kynja verða jafnréttihá. En það jafnrétti verður ekki að veruleika nema konur taki sér réttinn til að skapa og öðlist þar með frelsi til að móta þann heim sem þær lifa í út frá eigin forsendum. Við sem stefnum að alþingisframboði viljum móta kvennapólitiska stefnu þar sem öll mál eru skoðuð út frá sjónarhóli kvenna. Við viljum að mannleg verðmæti verði fyrst og fremst lögð til grundvallar þegar ákvarðandir eru teknar í þjóðmálum. Slík stefna kallar á breytta forgangsröð og hugarfarsbyltingu. Með þá pólitík leggjum við upp í kosningabaráttu með-vitaðar um að þessi sjónarmið eiga ekki upp á pallborðið hjá þeim sem ráða í stjórnþálflokkunum. Markmið allrar kvennabaráttu hlýtur að vera aukið frelsi kvenna til að hfa áhrif á það samfélag sem við lifum í. Leiðirnar að því marki eru margar og engin þeirra á að útiloka aðra. Við óskum því öllum konum sem hyggjast klífa bratta tinda stjórnþálanна gæfu og gengis hvaða farveg sem þær hafa kosið sér fyrir skoðanir sínar.

Hanna Maja á fundi
i Rúglaundsgesíðum um
sjónmálaþróttá þær kvenna.
(Jafnréttisráð)